

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 13. september 2018 kl. 9:30, en þetta var 64. fundur nefndarinnar.

Mættir voru Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Eyjólfur Þ. Haraldsson, Runólfur Pálsson og Magnús Jóhannsson, en sá síðastnefndi ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar (28. júní 2018) var samþykkt.

2. Orðabókarvinnan

a) Orð og heiti sem tengjast „endpoint“ (6 færslur); málið rætt og ákveðið að MJ sendi nefndarmönnum sínar tillögur. Einnig „reflux“ (16 færslur) og „shock“ (24 færslur). Þessir listar höfðu verið sendir fundarmönnum fyrir fundinn. Farið var yfir listana á fundinum og gerðar fáeinar breytingar og viðbætur; nokkrar færslur þarf að athuga betur. Þetta verður síðan birt í Orðabankanum á næstu dögum.

b) Ræddur var áður útsendur listi yfir færslur sem varða háþrýsting. Ákveðið var hvaða færslur skuli taka með og hverju megi sleppa. Síðan verður unnið áfram með þennan lista.

c) Ákveðið var að stefna að útgáfu fjórða heftis um líffærafræði. JHJ mun ræða málið við Hannes Petersen og miðað er við að heftið yrði tilbúið haustið 2019.

d) Beiðni kom frá Vinnueftirlitinu um íslenskt heiti á „paramedical practitioners“. Málið er allflókið en ákveðið var að svara erindinu að sinni með tillögunni „sérmenntað klínískt heilbrigðisstarfsfólk“. Málið verður tekið til nánari umfjöllunar síðar ef tilefni gefst til.

3. Sýnileiki orðanefndarinnar

Rætt var um sýnileika nefndarinnar á heimasíðu og fésbókarsíðu læknafélaganna. JHJ mun við tækifæri ræða málið við umsjónarmenn þessara vefsíðna um hvort og hvernig gera mætti nefndina sýnilegri, einkum orðapistlana.

4. Næsti fundur

Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 18. október 2018 kl. 9:30. JHJ mun boða þann fund og senda út orðalista til yfirlestrar.

Fundi var slitið um kl. 10:45.